



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 2. desember 2013

Ákvörðun nr. 28/2013

Kaup HB Granda hf. á öllu hlutafé í Vigni G. Jónssyni hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 11. nóvember 2013 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum HB Granda hf. (HB Grandi) á 100% hlutafjár í Vigni G. Jónssyni hf. (Vignir G. Jónsson). Helstu eignir Vignis G. Jónssonar eru fasteignir að Smiðjuvöllum 4 og Vesturgötu 119 á Akranesi ásamt tækjum til reksturs hins selda. Kaupsamningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki hluthafafundar HB Granda fyrir útgáfu nýrra hluta til greiðslu kaupverðs. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningi kemur fram að fyrirvari sé gerður um kaup hins selda hljóti staðfestingu Samkeppniseftirlitsins til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í ársreikningi fyrir árið 2012 kemur fram að HB Grandi geri út 12 fiskiskip og vinni fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Fram kemur að félagið hafi mestar aflaheimildir íslenskra útgerðafélaga á Íslandi og reki eigin markaðsdeild sem selji afurðir um allan heim. Á heimasíðu HB Granda kemur fram að félagið stundi veiðar og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski og hjá félaginu starfi um 700 starfsmenn til sjós og lands. Tíu stærstu hluthafar í HB Granda samkvæmt samrunatilkynningu eru tilgreindir í töflu 1.



Tafla 1. Tíu stærstu hluthafar í HB Granda

Nafn hluthafa	Eignarhlutur %
Vogun hf.	40,31
Arion banki	33,20
Hampiðjan hf.	9,43
TM fé ehf.	5,45
Fiskveiðahlutafélagið Venus hf.	3,42
Ingimundur Ingimundarson	2,83
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	2,33
Landsbréf – Úrvalsbréf	0,76
Ingibjörg Björnsdóttir	0,40
Landsbréf - Öndvegisbréf	0,16
Aðrir hluthafar	1,87

Um félög sem HB Grandi hefur bein eða óbein yfirráð yfir segir í samrunatilkynningu:

„Stofnfiskur ehf., kt. 620391-1079. Stofnfiskur ehf. er framleiðandi á laxahrognum og er hluti af starfsemi (svo) einnig kynbætur fyrir fiskeldi. HB Grandi hf. á 64,53% hlut í félaginu. Faxaeldi ehf., kt. 480503-3090. Eingin starfsemi er í þessu félagi. IceCod á Íslandi ehf., kt. 630603-4390. IceCod á Íslandi ehf. starfar við kynbætur á þorski og framleiðslu þorskseiða. Félagið rekur fiskeldisstöð og er það hluti af tilraunaverkefni um að gera þorskeldi á Íslandi arðbært. Samanlagður eingarhlutur HB Granda hf. og Stofnfisks ehf. í félaginu nemur 53,14%, HB Grandi er eigandi 21,79% og Fotnfiskur ehf. eigandi 30,35%.“

Í samrunatilkynningunni segir að Vignir G. Jónsson sé rúmlega 40 ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfi sig í fullvinnslu á hrognum. Hjá fyrirtækinu starfi um 45 manns og að helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins séu þorskhrogn, grásleppuhrogn, loðnuhrogn, ýsuhrogn, lönguhrogn, ufsahrogn og laxahrogn. Upplýst er að allar framleiðsluvörur Vignis G. Jónssonar séu seldar á erlendan markað.

Seljendur félagsins samkvæmt kaupsamningi er Eignarhaldsfélagið VGJ ehf. og Eiríkur Vignisson. Fram kemur að Vignir G. Jónsson hafi engin bein eða óbein yfirráð yfir önnur félög.

Markaðir málsins sem samrunaaðilar telji að samruninn hafi áhrif á eru heildsala á loðnuhrognum annars vegar og fullvinnsla á hrognum hins vegar. Landfræðilegir markaðir málsins er að mati samrunaaðila heimurinn allur.

Að mati samrunaaðila gætir helst áhrifa af viðkomandi samruna á markaði fyrir heildsölu á loðnuhrognum. Fram kemur að fyrirhugaður samruni HB Granda og Vignis G. Jónssonar gæti hugsanlega haft áhrif á markað fyrir sölu á hrognum til vinnslu. Vignir G. Jónsson kaupir aðallega grásleppu- og þorskhrogn fyrir starfsemi sína en einu hrognin sem félagið fullvinnur sem HB Grandi sé með í sölu séu loðnuhrogn. Tekið er fram að aðeins



takmarkaður hluti starfsemi félagsins sé vinnsla loðnuhrogna og að erfitt sé að meta hlutdeild HB Granda á markaði fyri sölu á loðnuhrognum.

Hvað varðar markað fyrir fullvinnslu hrogna kemur fram að HB Grandi starfi ekki á þeim markaði og sé því markaðshlutdeild félagsins á þeim markaði engin. Fram kemur hjá samrunaaðilum að Vignir G. Jónsson selji allar afurðir sína á erlendum mörkuðum og flytji framleiðslu sína til 15 landa. Því sé erfitt að meta markaðshlutdeild Vignis G. Jónssonar sem starfi á alþjóðlegum markaði.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati samrunaaðila stundar HB Grandi veiðar og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski og selur megnið af framleiðslu sinni á erlendan markað. Helstu markaðir eru Evrópa, Norður-Ameríka og Asía. HB Grandi starfar ekki á markaði fyrir fullvinnslu hrogna líkt og Vignir G. Jónsson gerir en selur félaginu hins vegar loðnuhrogn til vinnslu sinnar.

Samkeppniseftirlitið er sammála samrunaaðilum um að þeir markaðir sem málið varðar séu heildsala á loðnuhrognum annars vegar og markaður fyrir fullvinnslu á hrognum hins vegar. Þar sem samruninn varðar starfsemi viðkomandi fyrirtækja hér á landi þá telur Samkeppniseftirlitið að landfræðilegir markaðir málsins nái ekki yfir heiminn allan heldur Ísland.

Eins og að framan greinir starfar HB Grandi ekki á markaði fyrir fullvinnslu hrogna. Af því leiðir að helst áhrifa af viðkomandi samruna gætir á heildsölumarkaði fyrir loðnuhrogn á Íslandi en vinnsla loðnuhrogna er einungis takmarkaður hluti af starfsemi Vignis G. Jónssonar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna kaupa HB Granda hf. á öllu hlutafé í Vigni G. Jónssyni ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson